

FÍLEMONSBRÉFIÐ

1

KAFLA 1

Páll, bandingi Krists Jesú, og Tímóteus bróðir vor, heilsa elskuðum vini okkar og samverkamanni Fílemon,

² svo og Appíu systur okkar og Arkippusi samherja okkar og söfnuðinum, sem kemur saman í húsi þínu.

³ Náð sé með yður og friður frá Guði föður vorum og Drottni Jesú Kristi.

⁴ Ég þakka Guði mínum ávallt, er ég minnst þín í bænum mínum.

⁵ Því að ég heyri um trúna, sem þú hefur á Drottni Jesú, og um kærleika þinn til hinna heilögu.

⁶ Ég bið þess, að trú þín, sem þú átt með oss, verði mikilvirk í þekkingunni á öllu því góða, sem tilheyrir Kristi.

⁷ Ég hlaut mikla gleði og huggun af kærleika þínum, þar eð þú, bróðir, hefur endurnært hjörtu hinna heilögu.

⁸ Því er það, að þótt ég gæti með fullri djörfung í Kristi boðið þér að gera það, sem skylt er,

⁹ þá fer ég þó heldur bónarveg vegna kærleika þíns, þar sem ég er eins og ég er, hann Páll gamli, og nú líka bandingi Krists Jesú.

¹⁰ Ég bið þig þá fyrir barnið mitt, sem ég hef getið í fjötrum mínum, hann Onesímus.

¹¹ Hann var þér áður óþarfur, en er nú þarfur bæði þér og mér.

¹² Ég sendi hann til þín aftur, og er hann þó sem hjartað í brjósti mér.

¹³ Feginn vildi ég hafa haldið honum hjá mér, til þess að hann í þinn stað veitti mér þjónustu í fjötrum mínum vegna fagnaðarerindisins.

¹⁴ En án þíns samþykkis vildi ég ekkert gjöra, til þess að velgjörð þín skyldi ekki koma eins og af nauðung, heldur af fúsum vilja.

¹⁵ Vísast hefur hann þess vegna orðið viðskila við þig um stundarsakir, að þú síðan skyldir fá að halda honum eilíflega,

¹⁶ ekki lengur eins og þræli, heldur þræli fremri, eins og elskuðum bróður. Mér er hann kær bróðir. Hve miklu fremur þó þér, bæði sem maður og kristinn.

¹⁷ Ef þú því telur mig félaga þinn, þá tak þú á móti honum, eins og væri það ég sjálfur.

¹⁸ En hafi hann eitthvað gjört á hluta þinn, eða sé hann í skuld við þig, þá fær þú það mér til reiknings.

¹⁹ Ég, Páll, rita með eigin hendi: Ég mun gjalda. Að ég ekki nefni við þig, að þú ert jafnvel í skuld við mig um sjálfan þig.

²⁰ Já, bróðir, unn mér gagns af þér vegna Drottins, endurnær hjarta mitt sakir Krists.

²¹ Í fullu trausti til hlýðni þinnar rita ég til þín og veit, að þú munt gjöra jafnvel fram yfir það, sem ég mælist til.

²² En hafðu líka til gestaherbergi handa mér, því að ég vona, að ég vegna bæna yðar muni verða gefinn yður.

²³ Epafras, sambandingi minn vegna Krists Jesú, biður að heilsa þér. Sömuleiðis

²⁴ Markús, Aristarkus, Demas og Lúkas, samverkamenn mínir.

²⁵ Náðin Drottins vors Jesú Krists sé með anda yðar.

For other languages please go to **www.wordproject.org**